

Greinargerð

Eins og segir í tillögunni þá er meirihlutinn að brjót sínar eigin lýðræðislegu leikreglur svo um munar, eins og segir: Borgarbúar eiga að hafa skýran og skilgreindan rétt til að fara fram á að grípa inn í ákvarðanir. Sem heldur síðan áfram: Sveitarstjórnarlög (spr. 108 gr.) gera t.a.m. ráð fyrir að borgarbúar geti stökkið beint í efsta þrepið í tilteknu máli með því að safna tilteknum fjölda undirskrifa. (Tilvitnun Lýkur). Á borgarstjórnarfundinum 2. apríl 2019 þegar tillaga Flokk fólksins um samráð og frestun á fyrirhuguðum framkvæmdum, beitti meirihlutinn blekkingum og hélt því fram í vandræðum sínum í miðjum umræðum að ekki stæði til að fara í framkvæmdir í vor n.k.. Daginn eftir á fundi Skipulags- og samgönguráðs voru tvær tillögur lagðar fram um hið gagnstæða, sjá fundargerð 3. apríl 2019 liður 2 og 3.

Ný yfirstaðin undirskriftasöfnun, sem Miðbæjarsamtökin stóðu fyrir, og var afhent borgarstjóra fyrir borgarstjórnarfundinn 2. apríl 2019, sýnir að yfir 90% hagsmunaaðila við Laugaveg, Bankastræti og Skólavörðustíg séu lokuninni andvíg. Skoðanakönnun sem meirihlutinn beitir fyrir sér og framkvæmd var síðast liðið sumar hljóðaði aftur á móti upp á tæpleg 80% samþykki, þeirra sem voru spurðir. Skoðanakönnuninni var unnin af Maskínu. En af orðum formans Skipulags- og samgönguráðsmá skilja að þessi könnun hafi verið lögð til grundvallar ákvörðuninni um lokun. Borgarfulltrúinn Sigurborg Óska Haraldsdóttir svarar jafnframt fréttamanni þannig, „ég held að það hafi mjög jákvæð áhrif á lífið í borginn..“ og svo stuttu síðar „...“, við vitum það, að það að opna göngugötur í miðbænum, það eykur verslun“. Borgarfulltrúinn heldur sem sagt að lokunin hafi jákvæð áhrif, en segist svo vita að það auki verslun. Hvaðan hefur hún þá vitneskju? Það er greinilegt að borgarfulltrúinn hlustar ekki á þá verslunaraðila sem hafa allt aðra sögu að segja af verslun við göngugötur miðbæjarins.

Skoðum þessa könnunina aðeins nánar. Í fyrsta lagi voru spurningarnar þannig orðaðar að svarendum var ekki vel ljóst hvað lá að baki þeim.

1. Ert þú jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) gagnvart göngugötum í miðborginni yfir sumartímann?
2. Spurt um tímabilið 1.maí-1.okt. stutt, hæfilegt eða langt
3. Telur þú að göngugötur í miðborg Rvík hafi jákvæð eða neikvæð áhrif á mannlíf í miðborginni?

Engin af þessum spurningum gefur til kynna að til standi að loka helstu verslunargötum í miðborginni fyrir bílum til frambúðar. Það er t.d. ekki spurt: „Viltu loka Laugaveginum og Skólavörðustíg alfarið fyrir bílaumferð allt árið um kring?“ Miðað við hvernig Reykvíkingar hegða sínum verslunarferðum þá tel ég afar ólíklegt að útkoman væri eitthvað í líkingu við þær niðurstöður sem hér eru settar efst á blað. Við búum í landi þar sem oft geisa válynd veður og bíllinn er oft okkur bjargvættur, hann hefur breytt hegðun flestra okkar svo um munar. Það verður seint eða aldrei hægt að fá borgarbúa til að hætta að nýta sér þau þægindi. Leitum frekar leiða til að finna lausn sem nýtist sem flestum, bæði rekstraraðilum og borgarbúum sem vilja sækja þjónustu í þessar götur og auðvitað upplifa miðbæjar stemninguna.

Að sjálfsgöðu þarf að huga að mengunar þættinum og sem betur fer eru viðhorfsbreytingar að verða innan Alþingis, samfara vitundavakningu borgaranna um vistvænar samgöngur. Á ráðstefnu um loftlagsmáli í síðustu viku kom fram í fyrirlestri veðurfræðings að við Íslendingar mættum búast við mun erfiðari veðurfari í nánustu framtíð, sem við erum þegar farin að finna fyrir, sem og heimsbyggðin öll.

Borgarfulltrúi Sigurborg Óska Haraldsdóttir svarar einnig spurningum blaðamanns vísir.is tengt sömu frétt. Blaðamaður:

Liggja fyrir tölfræðileg gögn hjá borginni sem styðja það að verslun geti aukist með þessu eða í hina áttina að hún sé að dragast saman?

Borgarfulltrúi:

„Við erum ekki að rýna gögnin hjá verslunareigendum en við getum skoðað opinber gögn sem eru til dæmis gögn sem við höfum um verslunarkjarna og verslunarmiðstöðvum á höfuðborgarsvæðinu og samanburð við göngugötur þá sjáum við að opnun göngugatna er ekki að hafa neikvæð áhrif. Það er eina sem er svona beintengt þessum verslunum en svo vinnum við náttúrulega út frá þekktum fræðum eins og skipulagsfræði og borgarhagfræði,“

Hér kemur fram svo ekki verður um villst að meirihlutinn hefur engan áhuga á að heyra afstöðu þeirra sem hafa, í gegnum tíðina haldið lífinu í miðborginni. Hagsmunir þeirra eru í húfi svo þeir geti starfað þar áfram og veitt þá þjónustu sem þeir bjóða upp á. Miðborgin er hjarta Reykjavíkur og hefur ávallt verið, alveg frá því að farið var að hrófla upp húskofum hér í landi Ingólfs Arnarssonar. Komið hefur í ljós við uppbyggingu síðustu ár og fund fornleifa að hér á þessu svæði er miðja Reykjavíkur. Síðustu áratugi hefur, því miður þetta hjarta okkar slegið mörg feilsög og nú stefnir í að Reykjavíkurborg lendi í alvarlegu hjartaáfalli.

Fróðlegt er að vita hvað það fólk sem nú býr í miðbænum og vill helst ekki vera á, eða yfir höfuð stíga inn í bíl ætlar að gera þegar öll þjónusta er horfin úr miðbænum. Við skulum gæta að því að það eru verslunareigendur og þjónustuaðilar sem haldi lífinu lifandi í miðborg Reykjavíkur og það á ekki bara við höfuðborg Íslands heldur gildir það sama í öllum borgum heims, verslun og þjónusta í miðborgum er aðdráttaraflið, svo kemur kúltúrin. Menningin blómstrar þar sem fjölbreytnin er sem mest.

Gleymum ekki einu, við erum á öllum aldri, ekki bara á al besta aldri svona upp að þritugu og rétt betur, í fínu formi hjólandi og gangandi með enga líkamlega annmarka. Það á við ágætan hóp borgarbúa, en borgarbúar eru alls konar og það verður að taka tillit til þeirra líka. Það er raunverulega bundið í lög varðandi ýmsa þætti, hvað varðar aðgengi. Í Reykjavík búa eldri borgarar, fatlaðir og foreldrar með lítil börn. Hvernig á t.d. fatlaður einstaklingur sem notar hækjur sér til stuðnings, að ganga Laugavegin ef t.d. hann þolir ekki að ganga meir en um 30 skref? Einstaklingar í hjólastól munu eiga erfitt með að sækja þjónustu á Laugaveginum ef ekki verður hægt að leggja bílum í sjálfri götunni. Allar þvergötur eru í halla og þá kemst einstaklingur í hjólastól illa út úr bíl hjálparlaust. Hvað á eldri borgari að gera sem orðinn er fótluinn ef hann þarf að ganga talsverða vegalengd til að komast t.d. í gleraugnaverslun sem er nokkuð langt frá bílastæði sem hann/hún gat lagt bílnum? Aðgengi fyrir þessa hópa verður að vera klárt.

Að þessu sögðu þá er einnig afar hæpið að ákveða þörf borgarbúa fyrir göngugötur með því að miða við aðsókn í verslunarmiðstöðvar eins og borgarfulltrúinn Sigurborg Óska Haraldsdóttir lýsti í Vísis viðtalinu. Furðuleg lógik að styðjast við aðsóknartölur varðandi verslunarmiðstöðvar, heldur en að kanna viðhorf borgarbúa og rekstraraðila um afstöðu þeirra til lokunnar aðal verslunargatna borgarinnar fyrir bílaumferð.

Ef að rýnt er aðeins nánar í niðurstöður skoðanakönnunarinnar frá Maskínu, sem borgarmeirihlutinn virðis styðjast við, þá má lesa ýmislegt sem ekki var dregið fram í dagsljósið. Eitt vekur strax spurningu; svarendur voru aðeins 768, en það kemur hvergi fram hversu stórt úrtakið var. Ef litið er á svörun eftir hverfum þá kemur ýmislegt áhugavert í ljós sem borgarmeirihlutinn virðist ekki ætlar að taka tillit til. Það sést berlega, að því fjær sem íbúar eru búsettir frá miðbænum því andvígari eru þeir lokun verslunargatna fyrir bílaumferð. Og ef við skoðum hversu fjölmenn þessi hverfi eru þá spyr maður sig, er raunverulegur meiri hluti fyrir þessar aðgerðir í miðborginni? Þessi afstaða kemur ekki á óvart, eina leiðin fyrir flesta sem búa utan göngufæri í miðbæinn er að koma á einkabílum eða nýta sér strætó. En strætó er annar kapituli sem ekki verður farið út í hér, en er því miður illa nýtt þjónusta og það af ýmsum ástæðum.

Það má til sanns vegar færa að fækka þurfi bílum í miðborginni, en er þá ekki rétt að skoða leiðir til að draga úr magni þeirra heldur en að banna alfarið veru þeirra í götum sem borgarar á öllum aldri langar að sækja í.

Eitt skulum við þó hafa í huga að meirihluti fyrrverandi kjörtímabils var felldur í síðustu kosningum, og þar með, þeirra viðhorf til framkvæmda í Reykjavík. Það var því miður fyrir tilstuðlan Viðreisnar að hin raunverulega rödd borgarbúa var kæfð og nú stendur til að troða upp í meirihluta Reykvíkinga einstrengingslegum viðhorfum borgarmeirihlutans í borgarstjórn sem hefur ekki það atkvæðamagn á bak við sig sem þyrfti til að útfæra svo stórtækar aðgerðir á þessu svæði, sem er að loka umræddum götum fyrir bílaumferð allt árið um kring. Það er stór hluti borgarbúa sem sækja mikið í þessar götur og mörgum þykir ákaflega vænt um. Flokkur fólksins varar við þessum aðgerðum og bendir á að finna þurfi leiðir sem geta sætt alla aðila. Ljóst er að þörf er á breytingum, til að glæða þessar götur meira lífi fyrir borgarbúa, en málin verða ekki leyst með gerræðislegri aðferðafræði meirihlutans og skella bara í lás fyrir allri bílaumferð. Við búum á Íslandi þar sem válynd veður geisa.